


ÁRIÐ Í HNŌTSKURN 2014





Kjaramál

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru lausir 1. desember 2013. Í aðdraganda kjaraviðræðna hófu Samtök atvinnulífsins auglýsingaherferð í sjónvarpi þar sem stefið var að kröfur launafólks um launahækkunir væru helsta orsök verðbólgu á Íslandi. Auglýsingaherferðin hleypti illu blóði í launafólk og var síst til þess fallin að byggja upp traust milli samningsaðila.

Nýir kjarasamningar voru undirritaðir þann 21. desember 2013. Helstu markmið samninganna voru að auka kaupmátt, hækka lægstu laun sérstaklega, stuðla að lágrí verðbólgu og undirbyggja stöðugleika. Samningarnir giltu út árið 2014 og voru helstu atriði þeirra:

- 2,8% almenn launahækkun, þó að lágmarki 8.000 kr. hækkun á mánuði.
- Launataxtar undir 230.000 kr. á mánuði hækkuðu til viðbótar um 1.750 kr. eða samtals 9.750 kr.
- Lágmarkstekjur fyrir fullt starf hækkuðu um 10.000 kr. úr 204.000 í 214.000 kr.

Kjarasamningurinn var hugsaður sem aðfararsamningur að lengri samningi. Þannig hefðu samningsaðilar 12 mánuði til að undirbúa langtímasamning sem legði grunn að efnahagslegum stöðugleika og kaupmáttaraukningu til framtíðar.

Samningarnir voru umdeildir og fór svo að þeir voru felldir í um helmingi félaga/deilda. Seinni hluta febrúarmánaðar skrifuðu þau félög og deildir sem felldu kjarasamninginn undir nýja kjarasamninga sem byggðust á sáttatillögu ríkissáttasemjara. Nýju samningarnir grundvölluðust á samningunum frá vetrarsólstöðum 2013 auk þess sem samið var um viðbótarhækkun á orlofs- og desemberuppbót auk 14.600 kr. eingreiðslu. Samningarnir gilda út febrúar 2015. Þau félög og deildir sem samþykktu samninginn frá 21. desember 2013 sömdu um sömu viðbætur.

Samningarnir voru umdeildir og fór svo að þeir voru felldir í um helmingi félaga/deilda.

Október 2013

Formannafundur ASÍ

Fréttamannafundur ASÍ um kennitöluflokk

Verðbólgan 3,6%



Efnahagsmál

Efnahagslífið hefur verið að taka við sér eftir mikinn samdrátt í kjölfar hrunsins. Landsframleiðslan jókst um 3,3% árið 2013 sem skýrðist að mestu af mikilli fjölgun erlendra ferðamanna. Einkaneysla jókst um 1,2% í samræmi við vöxt kaupmáttar. Þá hafði það áhrif á stöðu heimilanna að tímabundnar aðgerðir stjórnvalda í kjölfar hrunsins vegna skulda og greiðsluvanda heimilanna runnu sitt skeið á árinu 2013.

Áhyggjuefni var að fjárfestingar drógust saman 2013 og hlutfall fjárfestinga af landsframleiðslu voru í sögulegu lágmarki. Skýrðist þetta m.a. af því að ekkert varð úr stóriðjuuppbyggingu á árinu og vonir manna um að byggt verði álver í Helguvík í bráð dofnuðu mjög.

Eftir því sem leið á árið 2013 fóru flestir hagvísar að benda til aukinna umsvifa í hagkerfinu. Tölur af vinnumarkaði bentu til minnkandi atvinnuleysis og greina mátti auknar framkvæmdir í mannvirkjagerð og væntingar heimilanna jukust. Þegar líða fór á árið 2014 jókst efnahagslegur stöðugleiki í samræmi við það sem lagður hafði verið grunnur að í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Gengið var stöðugt og verðbólga undir verðbólguþröskulmarki Seðlabanka Íslands.

Útlit er fyrir að hagvöxtur verði ágætur á árunum 2014–2016 þar sem umtalsverð aukning innlendrar eftirspurnar verður megindrífkrafturinn. Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar mun hins vegar minnka eftir því sem innflutningur eykst. Hætta er á að of hraður vöxtur og þensluaukandi aðgerðir stjórnvalda geti ýtt undir verðbólgu og óstöðugleika á næstu árum.

Eftir því sem leið á árið 2013 fóru flestir hagvísar að benda til aukinna umsvifa í hagkerfinu.

Nóvember 2013

SGS leggur fram launakröfur

Lífeyrisgáttin opnuð

Stjórn ASÍ-UNG skorar á ríkisstjórnina að breyta forgangsöröðun



Miðstjórn ASÍ

Miðstjórn ASÍ er æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins milli þinga. Hlutverk hennar er að móta stefnu og félagspólítíska afstöðu ASÍ í samræmi við lög þess og samþykktir þinga. Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi ASÍ og stofnana þess. Hún er kosin til tveggja ára í senn. Við kosningu miðstjórnar er leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og að hlutdeild karla og kvenna sé sem jöfnust.

Á vegum miðstjórnar starfa margvíslegar nefndir sem hafa frumkvæði að málefnavinnu og vinna samkvæmt samþykktum miðstjórnar og þinga. **Nefndirnar eru:**

Alþjóðanefnd	Lífeyris- og veikindaréttarnefnd	Umhverfisnefnd
Atvinnumálanefnd	Menntanefnd	Velferðarnefnd
Efnahags- og skattanefnd	Skipulags- og starfsháttanefnd	Vinumarkaðsnefnd
Jafnréttis- og fjölskyldunefnd	Starfs- og fjárhagsnefnd	

Miðstjórn ASÍ er þannig skipuð fram að þinginu í október 2014:

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ	Kristín M. Björnsdóttir, VR (LÍV)
Signý Jóhannesdóttir, varaforseti ASÍ (SGS)	Kristján Þórður Snæbjarnarson, Félag rafeindavirkja (RSÍ)
Björn Snæbjörnsson, Eining-löjla (SGS)	Sigurður Bessason, Efling (SGS)
Finnbjörn A. Hermannsson, Byggið (SAMIÐN)	Sigurros Kristinsdóttir, Efling (SGS)
Guðbrandur Einarsson, Verslunarmannaf. Suðurnesja (LÍV)	Sverrir Mar Albertsson, Afl (SGS)
Guðmundur Þórður Ragnarsson, VM (Bein aðild)	Sævar Gunnarsson, Sjómannasamband Íslands
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR (LÍV)	Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA (LÍV)
Óskar Kristjánsson, VR (LÍV)	

Miðstjórn ASÍ er æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins milli þinga.

Desember 2013

Kjaraviðræðum hætt

Stærstu bókaverslanirnar neita þátttöku í verðkönnun

Kjarasamningar undirritaðir



Öflug framhaldsfræðsla skilar miklum árangri

Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess hafa um langt skeið lagt mikla áherslu á aukna menntun og mikilvægi hennar fyrir launafólk, atvinnulífið og samfélagið í heild. Í upphafi var áherslan mest á að byggja upp endur- og eftirmenntun fyrir hópa sem lokið höfðu formlegri menntun. Starf sem m.a. skilaði öflugum fræðslustofnunum iðnaðarmanna. Frá aldamótum hefur áhersla verið lögð á að skapa launafólki með litla formlega menntun möguleika til að afla sér góðrar grunmenntunar og fá viðurkennda þekkingu og færni sem það hefur aflað sér og treysta þannig stöðu þess á vinnumarkaði.

Til að ná framangreindum markmiðum hafa ASÍ og aðildarsamtök þess, í kjarasamningum, barist fyrir auknum fjármunum til að fjárfesta í menntun fólks á vinnumarkaði. Verkalýðshreyfingin hefur í samstarfi við SA unnið að uppbyggingu framhaldsfræðslu með starfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þá hafa stéttarfélagin í samstarfi við aðra aðila byggt upp þétt net símenntunarmiðstöðva um land allt sem lyft hafa grettistaki í menntun launafólks á undanförmum árum. Þetta samstarf allt og árangur þess hefur vakið athygli langt úr fyrir landsteinana.

Ánægja og árangur þátttakendanna sjálfra er besti vitnisburðurinn um mikilvægi þessa starfs. Hvorutveggja kemur skýrt fram í könnun sem Fræðslusjóður lét gera meðal þátttakenda í framhaldsfræðslunni fyrr á þessu ári. Árangurinn af þessu mikla starfi er einnig staðfestur í úttekt sem Capacent hefur gert á framhaldsfræðslunni. Hvorutveggja er hvatning fyrir samtök launafólks að gera enn betur í framtíðinni.

Ánægja og árangur þátttakendanna sjálfra er besti vitnisburðurinn um mikilvægi þessa starfs.

Janúar 2014

Við hækkuðum ekki! Mörg fyrirtæki draga hækkanir til baka

Gylfi Arnbjörnsson
nýr formaður NFS

Kjarasamningar felldir
í fjölmörgum félögum



Dekkið 2014 - Kvennaráðstefna ASÍ

Á fjórða tug kvenna víðs vegar úr verkalyðshreyfingunni mættu á fræðslu- og tengslaráðstefnunni „Hvað vilt' upp á dekk?“ dagana 5. og 6. maí 2014. Þetta er í fjórða skiptið sem ráðstefnan er haldin. Markmið Dekksins er að efla konur innan hreyfingarinnar og styrkja tengslanet þvert á landsambönd og félög.

Yfirskrift ráðstefnunnar „Illt vald verður sjaldan gamalt“ lagði áherslu á mismunandi birtingarmyndir valds út frá sjónarhóli kvenna. Í boði voru áhugaverð erindi úr ýmsum áttum, þannig var fjallað um jafn ólík efni og aðstæður vinnukvenna á 18. öld og stöðu kvenpresta innan þjóðkirkjunnar í dag.

Afrakstur Dekksins var ályktun sem send var miðstjórn ASÍ. Í henni kom fram að nauðsynlegt er að efla ungar konur til þátttöku í verkalyðshreyfingunni og styrkja þær konur sem þegar starfa innan hennar. Það verði best gert með því að gefa þau skýru skilaboð að jafnréttismál séu á oddinum, að konur hafi jafna möguleika og karlar innan hreyfingarinnar og að hún reki fjölskylduvæna stefnu.

Í ályktuninni var lögð áhersla á að ásýnd verkalyðshreyfingarinnar þyrfti að endurspegla þá fjölbreytni sem er á meðal félagsmanna og vera vettvangur jafnt fyrir konur sem karla. Jafnréttismál eru nefnilega á ábyrgð okkar allra.

Stefnt er að því að konur fjölmenni upp' á dekk að ári, en þá verður þess sérstaklega minnst að 60 ár eru frá fyrstu jafnlaunaráðstefnu ASÍ.

Yfirskrift
ráðstefnunnar
var „Illt vald
verður sjaldan
gamalt“.

Febrúar 2014

Miðstjórn skorar á ríkisstjórnina að slíta
ekki aðildarviðræðum við ESB

Félög sem felldu kjarasamninga
skrifa undir nýja

Verðbólgan 2,1%



Nordiskt Forum 2014

Konur frá Norðurlöndunum flyktust til Malmö í Svíþjóð þar sem Norrænt jafnréttisþing – Nordiskt Forum var haldið dagana 12.-15. júní. Talið er að hátt í 20 þúsund manns hafi sótt viðburði sem í boði voru og þar á meðal tæplega 400 manna hópur frá Íslandi.

Dagskráin var afar fjölskrúðug. Í boði voru listviðburðir, erindi og umræður. Ráðstefnusvæðið iðaði af lífi frá morgni til kvölds og vandasamt að velja úr atburðum sem í boði voru á þessu hugmyndatorgi jafnréttis. Áherslan var að miklu leyti á konum og þeirra stöðu en karlmennska og þátttaka karla í jafnréttisumræðunni kom vissulega við sögu. Ánægjulegt var að sjá mikinn fjölda karla sem tók þátt, því jafnrétti er allra hagur.

ASÍ, ásamt systrasamtökum á Norðurlöndum, stóð fyrir fundi þar sem rætt var um verkalyðshreyfinguna og feminismana. Einnig kynnti jafnréttisfulltrúi ASÍ Jafnlaunastaðalinn og tók þátt í pallborðsumræðu um stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Tólf meginþemu voru gegnumgangandi í dagskránni og tók yfirlýsingin sem samþykkt var í lokin mið af þeim. Þessi þemu voru; kynjuð hagstjórn, heilsa kvenna og réttur til kynheilbrigðis, konur á vinnumarkaði, ofbeldi gegn konum og stúlkubörnum, loftlagsbreytingar og sjálfbær þróun, umönnun og velferðarsamfélagið, friður og öryggi, stjórnmaláþátttaka og samfélagsþróun, kynjasamþætting á öllum sviðum, hælisleitendur og fólksflutningar; ný tækni og fjölmiðlar og loks framtíð feminismana á Norðurlöndum og hlutverk kvennahreyfinga.

Það er samdóma álit þeirra sem tóku þátt í Nordiskt Forum 2014 að þingið hafi verið eintaklega vel heppnað.

Ráðstefnu-
svæðið
iðaði af lífi
frá morgni
til kvölds.

Mars 2014

Ný hagspá ASÍ - það birtir til

Launavísitalan hækkað um
6,7% síðustu 12 mánuði

Þingfest mál ASÍ gegn íslenska ríkinu
vegna skatts á lífeyrissjóði



Verðlagseftirlit ASÍ

Verðlagseftirlit ASÍ hefur það hlutverk að veita neytendum upplýsingar um verðlag og verðþróun á helstu neytendamörkuðum. Með því skapast aðhald og samkeppni verslana aukin. Sem fyrr hefur verðlagseftirlitið lagt mesta áherslu á að fylgjast með verðlagi og verðþróun á matvörumarkaði enda hefur sá liður mikil áhrif á útgjöld heimilanna.

Árið 2013 var verð vörukörfunnar mælt að jafnaði einu sinni í mánuði en í janúar 2014 var ákveðið að breyta taktinum og mæla vörukörfuna 3-4 sinnum á ári. Við samsetningu körfunnar eru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysluverðs. Vörufarfan er góð leið til að mæla verðþróun stakra verslana.

Frá 31. ágúst 2013 til 1. september 2014 gerði verðlagseftirlitið eftirfarandi kannanir:

- 7 kannanir á matvöruverði í lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum um allt land.
- 5 kannanir á vörukörfunni.
- 2 kannanir á fiskmeti.
- 2 kannanir á umfelgun.
- 1 könnun á verðlagningu apóteka.
- 1 könnun á jólabókum.
- 1 könnun á nýjum og notuðum skólabókum.

Verðlagseftirlitið
leggur mesta
áherslu á
að fylgjast með
verðlagi á
matvörumarkaði.

Verðlagseftirlit ASÍ tekur einnig saman breytingar á gjaldskrárm hjá 15 stærstu sveitarfélögum landsins svo sem leikskólagjöld, skóladagvistun, útsvar og fasteignagjöld. Einnig heldur verðlagseftirlitið utan um upplýsingar um raforkukostnað, sumamámskeið ungmenna og verð í sund. Auk þess eru kannaðar gjaldskrár stórra íþróttafélaga sem bjóða upp á æfingar í fimleikum, handbolta og fótbolta.

Apríl 2014

ASÍ kynnr kostnaðarmat
á nýju félagslegu húsnæðiskerfi

Fasteignaverð á uppleið og
íbúðafjárfesting tekur við sér

Atvinnuleysi 5,9%



Vertu á verði!



Láttu vita þegar verðið hækkar eða lækkar. Stöndum saman og rjúfum víthring verðbólgunnar.

Hækkað verð
Lækkað verð
Upplýsingar

Sendu inn ábendingu

Slippi verð á verð

Kolla verð á verð

Gunnar Sigurbesson verð á verð

Landsbankinn
Vireðingjeldi á vaxendilvaxningu
Það var 2,015% er nú eftir 1,114,
ísonó (0,025% sem er 66%
hækkun... Lámarksjald var 2000kr.

Sjúkrabjálfun
Stöðingjöld: Stöðingjöldin hafa
súðingjald hækkað fjórum
hækkun um 300 kr. hækkað um
dráttinn

Síminn
Líningjeldi hækkað upp á kr. 300 nú
um ábendingu



Við hækkuð ekki

Í kjarasamningum í desember 2013 var lögð höfuðáhersla á stöðugleika og kaupmáttaraukningu. Samstaða var um að rjúfa þyrfti víthring verðhækkana og ná tökum á verðbólgunni. Það voru því mikil vonbrigði þegar fregnir bárust fljótlega eftir undirritun samningsins af hækkingum á gjaldskrár opinberra aðila og fyrirtækja í opinberri eigu og í kjölfarið einnig um hækkanir hjá ýmsum atvinnufyrirtækjum.

Til að bregðast við þessu hóf Alþýðusambandið í upphafi árs átak undir kjörorðinu - Við hækkuð ekki - þar sem fyrirtæki og opinberir aðilar voru hvött til að sýna samstöðu með launafólki og hækka ekki hjá sér verð. Á ábendingasíðunni www.vertuaverdi.is gátu fyrirtæki gefið yfirlýsingu um að þau hygðust ekki hækka hjá sér verð og sýndi fjöldi fyrirtækja þannig samstöðu sína í verki. Þá sendi forseti ASÍ bréf til þeirra aðila sem hækkað höfðu verð í kjölfar kjarasamninganna og skoraði á forsvarsmenn þeirra að endurskoða ákvörðun sína í þágu stöðugleika og samstöðu.

Jákvæð viðbrögð bárust frá flestum fyrirtækjum sem haft var samband við og drógu mörg þeirra hækkanir sínar til baka. Nöfn þeirra fyrirtækja sem völdu að draga ekki verðhækkanir til baka og vinna þannig gegn markmiðum kjarasamninga um stöðugleika og aukinn kaupmátt, voru birt á svörtum lista á www.vertuaverdi.is til upplýsinga fyrir almenning.

Jákvæð
viðbrögð
bárust frá
flestum
fyrirtækjum
sem haft var
samband við.

Maí 2014

Hvað vilt'upp á dekk?

Á fjórða tug verkalýðsfélaga
með skipulagða dagskrá 1. maí

60 ára afmæli norræna
vinnumarkaðarins

ÁRÍÐ Í
HNOTSKURN



09



Listasafn ASÍ

Lönnrekandinn og bókaútgefandinn Ragnar í Smára lagði grundvöllinn að safninu með því að gefa ASÍ málverkasafn sitt, um 120 myndir, flestar eftir þekktustu myndlistarmenn þjóðarinnar. Ósk Ragnars var sú að stofnað yrði listasafn sem kæmi listinni á framfæri við vinnandi fólk í landinu. Listasafn ASÍ hefur alla tíð starfað með þetta að leiðarljósi og hefur m.a. sérhæft sig í myndlistarsýningum sem settar eru upp á vinnustöðum og í stofnunum víða um land. Listamenn sýna í safninu án endurgjalds en standa sjálfir allan straum af gerð sýninganna. Starfsmenn safnsins sjá um sýningargæslu og aðstoða eftir föngum við uppsetningu sýninga.

Sýningar
ársins voru
fjölbreyttar.
Ólíkir listamenn,
sem vinna með
ólíka miðla og
tjáningarform.

Á tímabilinu október 2013 til september 2014 voru haldnar tíu sýningar í húsakynnum safnsins. Sýningar ársins voru fjölbreyttar. Ólíkir listamenn, sem vinna með ólíka miðla og tjáningarform, voru valdir til að sýna í safninu. Á sýningunum mátti sjá málverk, teikningar, ljósmyndir, grafik, skúlptúra, myndbandsverk og innsetningar. Listamennirnir eiga það eitt sameiginlegt að skapa áhugaverða myndlist á eigin forsendum og eru sýningarnar í heild brot af því besta sem íslensk listmenning hefur upp á að bjóða. Sýningum safnsins hefur jafnan verið vel tekið, þær hlotið jákvæðar umsagnir og ágæta aðsókn. Um sex þúsund manns heimsóttu safnið á tímabilinu.

Listasafn ASÍ er til húsa í Ásmundarsal við Freyjugötu 41 í Reykjavík. Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13-17 og er aðgangur ókeypis.

Júní 2014

ASÍ og Jafningjafræðslan
vinna saman

Júlí 2014

ASÍ á Twitter

Nordiskt Forum

Verðbólga 2,4%



VIRK

Starfsendurhæfingarsjóður

Hlutverk VIRK er að móta, samþætta og hafa eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.

Mikill vöxtur var í starfsemi VIRK 2013. Fleiri einstaklingar með fjölbættan vanda leituðu til ráðgjafa en nokkru sinni fyrr og ljóst er að vaxandi þörf er fyrir markvissa þjónustu á sviði starfsendurhæfingar. VIRK tókst á við þessa miklu aukningu með því að leggja áherslu á skýra stefnumótun, aukin afköst, endurskoðun vinnuferla og aukið samstarf við fjölbreyttan hóp fagaðila innan velferðarkerfisins. Þá var farið í uppbyggingu á markvissu samstarfi við lífeyrissjóði um allt land.

Um 7.000 einstaklingar hafa leitað til VIRK á undanförunum 5 árum og nú eru um 2.500 einstaklingar í þjónustu á vegum VIRK. Um 74% þeirra sem útskrifast frá VIRK eru virkir á vinnumarkaði við útskrift, þ.e. eru í launuðu starfi, atvinnuleit eða lánshæfu námi. Árangursrík starfsendurhæfing hefur orðið til þess að þúsundir einstaklinga sem ekki höfðu vinnugetu vegna heilsubreysts sjá sér nú farborða með virkri þátttöku á vinnumarkaði.

Árangursrík þjónusta í starfsendurhæfingu er ein af allra arðbærustu fjárfestingum í íslensku samfélagi og mikilvægt að staðið sé vörð um uppbyggingu hennar til framtíðar.

Um 74%
skjólstæðinga
VIRK eru virkir
á vinnumarkaði
við útskrift.

Ágúst 2014

Atvinnuleysi 3,3%

Vörufarfan lækkar um 3%
há Bónus á einu ári

SGS höfðar mál vegna
„heimatilbúins hráefnisskorts“

Allt að 46%
verðmunur á skólabókum



Alþýðusamband Íslands

Guðrúnartúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is